

Starfsáætlun leikskólans

Lundarsels

fyrir skólaárið 2017 -2018



Um leikskólann

Leikskólinn Lundarsel er til húsa að Hlíðarlundi 4, 600 Akureyri. Leikskólastjóri er Björg Sigurvinsdóttir. Skólinn hóf starfssemi 1. júlí 1979. Í fyrstu var leikskólinn tvær deildir. 1997 bættist við þriðja deildin og haustið 2012 bættist við fjórða deildin, tvær kennslustofur með tengibyggingu á milli voru settar á lóð Lundarsels. Starfsmannaaðstaða var mikið bætt árið 2001 með því að taka hluta kjallarans fyrir kaffistofu, undirbúningsherbergi og fundarherbergi. Skólaárið 2017–2018 er 38. starfsár leikskólans. Leikskólinn er rekinn af Akureyrarbæ.

Starfsáætlun þessi tekur gildi þann 1. september 2017 og verður skilað til Skólanefndar og kynnt á heimasíðu leikskólans.

Tölulegar upplýsingar um börn

Fjöldi barna var áætlaður 90 en ljóst var að vegna aldurssamsetningar þá yrðu börnin fleiri eða 92. Drengir eru 48 og stúlkur 44.

Áætlaður fjöldi dvalarstunda barna í leikskólanum eru samtals 697.

Fjöldi barna sem eru með sérkennslu eru þrjú börn. Sérkennsla er 2,25% stöðugildi, þar af er 50% vegna stjórnunar í sérkennslu.

Fjöldi tvítyngdra barna eru sex, tvö börn frá Póllandi, eitt barn frá Marokkó, eitt barn frá Serbíu, eitt barn frá Sýrlandi og eitt barn frá Rúmeníu.

Fyrrgreindar upplýsingar um börnin geta breyst dálítið. Oft er sótt um annan dvalartíma þegar líður fram á haustið.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er 20,11

Heildarfjöldi starfsmanna eru 25 þar af eru sextán leikskólakennarar, einn iðjuþjálfari og einn heimspekingur.

Hlutfall fagmenntunar á deild er 98,95%

Hlutfall fagmenntunar af heildarstöðugildum 80,79%

Sundurliðun eftir starfshlutfalli, menntun og stéttarfélagi:

- 1 leikskólastjóri í 100% stöðu, stéttarfélag Félag stjórnenda í leikskólum
- 1 aðstoðarleikskólastjóri í 100% stöðu, stéttarfélag Félag stjórnenda í leikskólum
- 3 deildarstjórar í 100% stöðu, stéttarfélag Félag leikskólakennara
- 1 deildarstjóri í 95% stöðu, stéttarfélag Félag leikskólakennara
- 4 leikskólakennarar í 100% stöðu, stéttarfélag Félag leikskólakennara
- 2 leikskólakennarari í 95% stöðu, stéttarfélag Félag leikskólakennara
- 1 leikskólakennari í 81% stöðu, sérkennslustjóri/sérkennsla stéttarfélag, Félag leikskólakennara
- 1 leikskólakennari í 77,5% stöðu, stéttarfélag Félag leikskólakennara
- 1 leikskólakennari í 71% stöðu, 50% sérkennsla og 21% leikskólakennari, stéttarfélag Félag leikskólakennara.

- 1 leikskólakennari í 50% stöðu, stéttarfélag Félag leikskólakennara
- 1 lögupjálfi í 100% stöðu, þar af er 50% sérkennsla, stéttarfélag lögupjálfa
- 1 heimspekingur í 100% stöðu, stéttarfélag Félag leikskólakennara
- 4 starfsmenn í 100% stöðu, stéttarfélag Eining–lðja.
- 1 starfsmaður í 50% stöðu, stéttarfélag Eining–lðja.
- 1 matráður í 100% starfi, stéttarfélag Eining–lðja
- 1 aðstoðarmatráður í 80% starfi, stéttarfélag Eining–lðja.
- 1 starfsmaður er í 50% stöðu á vegum atvinnuleit fatlaðra, stéttarfélag Eining–lðja.

Símenntunaráætlun – starfsþróunaráætlun; á hverju skólaári er gerð símenntunar- starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn. Markmiðið með símenntunaráætlun Lundarsels er að auka starfsánægju og hæfni í starfi.

Leiðir með símenntunaráætlun:

Leikskólastjóri skipuleggur símenntunaráætlun í samráði við starfsmenn, hún er tilbúin og samþykkt í ágúst/sept ár hvert. Á þessu skólaári verður lögð megin áhersla á að vinna áfram í þróunarverkefninu um *Hugleik- samræða til náms* í umsjón Jórunnar Elíardóttur og Sólveigar Zopheníusdóttur í Háskólanum á Akureyri. Einnig höldum við áfram að fá fræðslu í jafnréttisverkefninu *Rjúfum hefðirnar*. Umsjón Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, Lektor við HA og Tryggvi Hallgrímsson, jafnréttisstofu.

Námskeiðið *Lubbi finnur málbeinið*. Umsjón Eyrún Ísfold og Þóra Másdóttir, talmeinafræðingar. *Myndlist - Kynntar* verða nokkrar leiðir til þess að vinna á skapandi hátt að myndlist sem reyna á sjálfstæði og virkni barna. Umsjón Birgitta Ósk S. og Helga María.

Frá streitu til slökunar – veldu vellíðan. Fyrirlestur þar sem farið er yfir orsakir streitu, birtingarmyndir hennar, og áhrif á heilsu, bæði líkamlega og andlega og hvernig við getum unnið gegn streitu. Verkefnavinna og slökun Umsjón Sigríður Helgadóttir.

Andleg skyndihjálp – umsjón Rauðikrossinn.

Áfram verður unnið við að endurskoða skólanámskrá og plakötin fjögur verða send í prentun um áherslur leikskólans.

Námskeið sem áætlað er að nokkrir starfsmenn sækji:

- Tras námskeið – þrír kennarar fara á námskeið í október.
- Námskeið fyrir nýja starfsmenn um *heimspeki* í umsjón Helgu Maríu haldið í sept/okt.
- Námskeið fyrir 1-2 starfsmenn Lundarsels á grunnnámskeið *PMT/SMT*, Samtals 3 tímar. Umsjón Dalrós.
- *Kennsla á slökkvitæki* – ca einn starfsmaður í einu af hverri deild. Umsjón slökkviliðið.
- *PMT/SMT* Kynning fyrir nýja starfsmenn um PMT í umsjón Helgu M og Dalrósar.
- Þeir starfsmenn sem ekki hafa farið á Verndum þau, fara á námskeiðið.
- Hvatninga og gleðivikur fyrir starfsmenn, umsjón Peppstjórar SMT.
- Skólastjóri– Handleiðsla í markþjálfun ásamt þremur skólastjórnendum annann hvern mánuði 2 tíma í senn. Umsjón Sigurbjörg Markþjálf.
- Skólastjóri sækir ýmsa fræðslu sem Akureyrarbær heldur utan um.
- Sérkennslustjóri sækir fræðslu sem umsjónar maður með sérkennslu sér um.

Símenntunaráætlun er í sífelldri endurskoðun þar sem þarfir skólans eru skoðaðar jafnt og þétt. Leikskólastjóri gerir ráð fyrir að einstakir starfsmenn muni (að eigin ósk) sækja fræðslu annars staðar frá. Starfmönnum er bent á styrki hjá starfsmannafélögunum; Einingu-lðju, Félagi leikskólakennara og Félagi stjórnenda í leikskólum, hver félagsmaður á rétt á styrk til símenntunar.

Fari einstaka starfsmenn á námskeið eða fyrirlestur ber þeim skylda til að hafa um það kynningu á starfsmannafundi í 10 -30 mínútur.

Allar fyrrgreindar upplýsingar í sambandi við starfsmannamál geta breyst. Stöðugildi starfsmanna fer eftir fjölda barna og viðveru þeirra dag hvern í leikskólanum.

Faglegar áherslur

Leikskólastarfið er fjölbreytt og má þar nefna vinnu með barnaheimspeki og verkefni um jafnrétti. Börnum er eðlislægt að vera forvitin og rannsakandi og samkvæmt hugmyndafræði barnaheimspekinnar er mikilvægara að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með endanlegum svörum. Heimspekin eflir gagnrýna, skapandi og umhyggjusama hugsun.

Starfsfólk skólans leggur metnað sinn í faglegt, uppeldislegt og gleðiríkt starf. Það skoðar líka starfið með kynjafræðilegum gleraugum með það að leiðarljósi að allir séu jafnir, strákar og stelpur, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir. Lífstjáning barnsins endurspeglast í leiknum sem er ein mikilvægasta náms- og þroskaleið þess.

Heilsuefling og heilbrigði er líka ein af áherslum skólans, því mikilvægt er að leikskólanámið fari fram jafnt utan dyra sem innan. Þetta er gert með skipulögðum hreyfistundum, útiveru og vettvangsferðum. Vinna við að efla sjálfsmynd og sjálfsstjórn barna skipar stóran sess. Unnið er með agakerfið SMT - skólafærni til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð allra í leikskólanum. Einkunnarorð Lundarsels, „Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman“, er tilvísun í gleðina sem felst í leiknum, við að leita svara og rannsaka sjálf. Allir eru að læra, börn jafnt sem fullorðnir.

Kennarar/starfsmenn Lundarsels sækja námskeið um **Hugleik- samræður til náms** í Háskólanum á Akureyri. Markmið með verkefninu er að kennarar læri um samræður í námi og öðliðst enn meiri hæfni til að nota samræðuaðferðir með börnum í daglegu skólastarfi.

Reiknað er með 2 samræðusmiðjum á hvorri önn, alls 4 smiðjur í vetur og er hver smiðja 120 mínútur að lengd.

Plakötin fjögur sem lýsa áherslum í skólastarfi Lundarsels verða kláruð á haustönn og komið í prentun. Skólanámskrá Lundarsels sem byggir á áherslum í starfinu, grunnþættum menntunar og námsleiðum leikskólans verður aðgengileg á heimasíðu skólans. Skólabragur Lundarsel svona gerum við verður einnig aðgengilegur á netinu. Í skólabragnum kemur nánar fram á hvern hátt námskrá Lundarsels er fylgt eftir.

Allar nánari upplýsingar um faglegt starf leikskólans má finna á heimasíðu skólans, <http://lundarsel.akureyri.is>

Markmið Lundarsels byggjast á hugmyndafræði skólans.

- Að börnum, starfsmönnum jafnt sem foreldrum líði vel í leikskólanum og efli með sér jákvæða samvinnu.
- Að börn og starfsmenn læri að temja sér ígrundaða, gagnrýna og skapandi hugsun.
- Að búa nemendum umhverfi sem er skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í gegnum leik og störf sem eflir alhliða þroska þeirra.
- Að börn og starfsmenn beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og öllu umhverfi sínu.

Mat og umbætur Áfram verður unnið að því að skrifa skólanámskrá og gera umbætur eftir niðurstöðum Ytra mats sem Menntamálastofnun framkvæmdi síðast liðið vor í Lundarseli. Í samantekt á styrkleikum fékk Lundarsel 40 ábendingar um það sem gengur vel. Í samantekt á tækifærum til úrbóta eru 21 ábending um það sem hægt er að gera betur. Leikskólastjóri mun kynna niðurstöður á starfsmannafundi og foreldraráðsfundi. Skýrslan er einnig aðgengileg á heimasíðu Lundarsels. Á starfsmannafundi verður starfsmönnum skipt í fjóra hópa til að koma með tillögur þar sem eru tækifæri til úrbóta. Þeir áherslum verður síðan raðað í forgangsröð og unnið að og metið jafnt og þétt yfir skólaárið.

Leikskólastjóri mun einnig kynna matið fyrir foreldraráði og óska eftir tillögum frá þeim til úrbóta um það sem snýr sérstaklega að foreldrum.

Hver deild útfærir skipulag starfsins í samráði við starfsmenn deildarinnar og tekur það mið af aldri barnanna. Deildarstjórar bera ábyrgð á að skila starfsáætlun í byrjun skólaárs til leikskólastjóra. Deildarstjórar bera einnig ábyrgð á að gera munnlegt mat ásamt samstarfsmönnum á deildinni eftir hverja önn og skila skriflegu heildarmati til leikskólastjóra. Leikskólastjóri gefur skriflegt endurmat á matið til hvers deildarstjóra. Á haustin fá foreldrar nánari upplýsingar um deildina sem barnið þeirra er á, það er starf vetrarins, í hvaða hópi barnið er, starfsmenn og fleira. Áherslur og mat sem lögð er á að vinna með á þessu skólaári er að leita lausna á þeim 21 ábendingum sem komu frá Menntamálastofnun um tækifæri til úrbóta með starfsmönnum og foreldraráði. Börnin taka þátt í matinu m.a. með því að svara spurningum. Niðurstaða úr þessu mati verður nýtt til að gera gott skólastarf enn þá betra.

Deildarbragur verður sameinaður í skólabrag í þeim tilgangi að skólinn starfi þannig að allir fari í sömu átt. Allir starfsmenn koma að þessu vinnu á starfsmannafundum og deildarstjórar munu klára vinnuna.

Foreldrasamstarf

Í Lundarseli leggjum við mikla áherslu á gott samstarf við foreldra. Mikilvægt er að náðið samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrum er boðið á kynningarfund um leikskólann áður en barnið byrjar í leikskólanum, þar er lagður grunnur að traustu og góðu samstarfi við foreldra. Foreldrar fylgja börnum sýnum í aðlögun og kynnast þá hvernig daglegt starf og samstarf starfsmanna deildarinnar ganga fyrir sig. Leikskólinn stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf heimilis og leikskólans. Leikskólinn heldur út facebók síðu þar sem foreldrar geta skoðið stutt myndskot/myndir af börnunum í leik og starfi. Á komandi starfsári er foreldrum boðið í foreldrasamtöl, kynningu á skólastarfinu, foreldrakaffi og á vorhátíð leikskólans. Einnig bjóðum við upp á ömmu- og afa- eða gestakaffi. Aðalfundurinn er haldinn í sept/okt og valið

erum hvort hann verður rafrænn eða haldinn í húsakynum Lundarsels þá er kosið í foreldraráð og foreldrafélagið.

Foreldraráð og foreldrafélag

Í foreldraráði eru að lágmarki þrjú foreldrar en þeir geta verið fleiri, fer eftir áhuga foreldra. Leikskólastjóri fundar með foreldraráði. Foreldraráð er hluti af stjórnkerfi leikskólans og gefur umsögn um starfsáætlun, skóladagatal og skólanámskrá leikskólans. Foreldraráð gefur einnig umsókn um ýmislegt annað sem tengist leikskólanum, eins og t.d. innritun og aðlögun leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi við leikskólann. Markmið foreldrafélagsins er að efla tengsl foreldra og barna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Foreldrafélagið stendur fyrir eða tekur þátt í ásamt leikskólanum margvíslegum uppkomum til skemmtunar fyrir börnin. Sem dæmi má nefna leiksyningar, grill á vorhátíð, sveitaferð og útskriftamöppum fyrir börnin.

Á aðalfundi foreldrafélagsins er ávallt farið yfir reikninga síðasta skólaárs, kosið í foreldraráð og í stjórn foreldrafélagsins. Leikskólastjóri fer í stuttu máli yfir áherslur á næsta skólaári og oft er fyrirlestur fyrir foreldra um eitthvað sem tengist börnunum þeirra.

Foreldraviðtöl

Fyrsta foreldrasamtalið er kynningarfundur fyrir nýja foreldra. Deildarstjórar taka samtal við foreldra meðan barnið er í aðlögun til gagnkvæma upplýsinga. Eftir að barnið er búíð að vera í leikskólanum í nokkurn tíma eru foreldrar boðaðir í samtal til að ræða hvernig gengur. Allir foreldrar eru boðaðir í samtal a.m.k einu sinni á ári og er miðað við að samtalið sé í afmælistímanum barnsins. Foreldrar geta einnig beðið um samtal hvenær sem er. Hið sama gildir um starfsfólk deilda og leikskólastjóra. Í þessum samtölum er meðal annars rætt um líðan og framför barnsins í leikskólanum og heima. Einnig er farið yfir þroskalýsingar sem fylltar eru út fyrir hvert aldursskeið.

Samstarf við grenndarsamfélag

Lundarsel leggur sig fram um góð samskipti við grenndarsamfélagið. Lundarskóli er okkar vinaskóli og fara elstu börnin reglulega í heimsóknir þangað yfir veturinn og börnin í 1. bekk koma einnig til okkar. Einnig er mikið samstarf við 6. bekk, þau koma reglulega og lesa fyrir börnin í Lundarseli. Vinasambandi er komið á milli barna í 6. bekk og 5 ára barna í Lundarseli, tilgangurinn er að eldri nemandinn styðji þann yngri þegar hann fetar fyrstu sporin í grunnskólagöngu sinni. Einnig hittast kennarar og skólastjórnendur skólanna reglulega, tilgangurinn er að skipuleggja, meta samstarfið og lesa saman greinar eða bækur þar sem fjallað er um bæði skólastigin.

Lundarsel á samskipti við Háskólann á Akureyri, namar eru í vettvangsnámi undir handleiðslu leikskólakennara ákveðinn tíma, eftir því á hvaða námsári viðkomandi er. Enginn nemi hefur verið skráður þetta skólaárið. Einnig er samstarf við VMA, gerður vinnusamningur við hann, þar sem nemandi dvelur tvo morgna í viku í 10 vikur. Enginn nemandi hefur verið skráður þetta skólaárið. Nemendur frá MA koma til að kynnst starfinu í leikskólanum, í tvo daga. Auk þess sem namar MA og VMA koma frá báðum skólum og vinna ákveðin verkefni með viðtölum við leikskólastjóra og leikskólakennara. Ráðgjafar frá Miðstöð Skólaþróunarviðs HA gefa ráðgjöf í sambandi við skólanámskrá Lundarsels.

Vinasamstarf er á milli leikskólans Lundarsels og eldri borgara í Hlíð. Markmið með samstarfinu er að brúa kynslóðabilin og örva samskipti milli kynslóðanna, kynnst

menningarheimi hvors annars, njóta félagsskapar hvors annars. Leiðir til að ná markmiðinu er að hittast reglulega eða um það bil fjórum sinnum á ári, tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Á hverju hausti er starfið metið eftir skólaárið og nýtt samkomulag gert fyrir næsta skólaár.

Lundarsel ásamt öllum leikskólum og grunnskólum Akureyrarbæjar eru í samstarfi við tónlistaskólann á Akureyri. Verkefnið ber nafnið Söngvaflóð og hófst í haust. Kennari frá tónlistaskólanum kemur einu sinni í viku í skólann og syngur með börnunum texta úr bókinni Trommur og töfrateppi. Einnig vinna kennarar Lundarsels með þá söngbók þetta skólaárið.

Samstarf við Fræðsluvið

Samráðsfundir skólastjórnenda leik- og grunnskóla á Akureyri og nágrenni eru haldnir einu sinni í mánuð. Samráðsfundir leikskólastjóra eru einnig haldnir einu sinni í mánuði. Fundirnir eru nýttir í fræðslu, upplýsingar og til samráðs. Þeir eru skipulagðir af leikskólafulltrúa og fræðslustjóra.

Handleiðsla í gegnum markþjálfun er reglulega fyrir skólastjóra ásamt þremur öðrum skólastjórum leik- og grunnskóla. Áætlað að aðrir stjórnendur leikskóla fái einnig reglulega markþjálfun árið 2018.

Leikskólaráðgjafi hefur yfirumsjón með innritun í leikskólann. Hann kemur einnig í leikskólann til að veita ráð í sambandi við barnahópinn en einnig tekur hann út ákveðið mat í leikskólanum.

Lundarsel á mjög gott samstarf við Elvu Haraldsdóttur leikskólaráðgjafa í sérkennslu, Hann kemur reglulega í heimsókn í Lundarsel, bæði til að fylgjast með ákveðnum börnum og til að ráðleggja foreldrum og sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri fer reglulega á fundi ásamt öðrum sérkennslustjórum og hittast þessir aðilar til að fá fræðslu og handleiðslu. Þessir fundir eru í umsjón Leikskólaráðgjafa vegna sérkennslu.

Samstarf varðandi öryggismál

Reglubundið öryggiseftirlit er frá heilbrigðiseftirlitinu, eldvarnaeftirlitinu og slysavörnum. Leikskólastjóri fylgir því eftir í samráði við Fasteignir Akureyrar að viðeigandi lagfæringar séu lagfærðar. Öll slökkvitæki eru tekin í gegn og yfirfarin ár hvert af Helga Jóhannssyni eftirlitsmanni.

Skóladagatal

Meðfylgjandi er skóladagatal fyrir skólaárið en það getur tekið einhverjum breytingum sem eru uppfærðar jafn óðum á vefútgáu skóladagatsins á www.lundarsel.akureyri.is

Akureyri 8. nóvember 2017

Björg Sigurvinsdóttir, leikskólastjóri Lundarsels